

SAMKOMULAG UM FRAMKVÆMD SVÆÐISÁÆTLUNAR UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS Á SUÐVESTURLANDI

1. Samningsaðilar

SORPA bs. Sorpurðun Vesturlands hf, Sorpstöð Suðurlands bs og Sorpeyðignrstöð Suðurnesja sf. ákveða með samkomulagi þessu að stofna til formlegs samstarfsvertvangs. Samstarf þetta skal ná til verkefna sem nánar er lýst í samkomulagi þessu.

2. Verkefni

- 1. Endurskoðun og eftirfylgni svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði samningsaðila eins og lög kveða á um hverju sinni.**
- 2. Gera tillögur til stjórna samningsaðilanna um samræmdar aðgerðir á starfssvæðunum sem ná til allra þátta úrgangsmálanna og leitt geta til gagnkvæms ávinnings.**
- 3. Vera stjórnnum samningsaðilanna til ráðgjafar um málefni sem þær óska sérstaklega að um sé fjallað.**
- 4. Boða til sameiginlegs fundar stjórna samningsaðilanna a.m.k einu sinni á ári þar sem rædd verða þau mál sem unnið er að hverju sinni og kallað eftir viðbrögðum stjórnanna.**

3. Stjórn

Ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu verkefna skv. samningi þessum verður í höndum sérstakrar stjórnar. Hún skal skipuð tveimur stjórnarmönnumur úr stjórn SORPU bs og einum stjórnarmanni úr stjórnnum hinna samningsaðilanna.

Framkvæmdastjórar fyrirtækjanna skulu starfa með stjórninni.

Stjórnin getur ráðið sérstakan verkefnisstjóra vegna þeirra viðfangsefna sem felast í samningi þessum sem og leitað til sérfræðinga og ráðgjafa eftir því sem þörf krefur. Þá er verkefnisstjórn enn fremur heimilt að skipa sérstaka verkefnishópa til að fjalla um einstök viðfangsefni sem af samningi þessum leiðir.

Fundargerðir skal senda til stjórna samningsaðila.

Með kostnað af störfum stjórnar skal farið eins og segir í 4.grein samnings þessa.

4. Kostnaður og skipting hans

Til kostnaðar við framkvæmd samnings þessa telst allur beinn kostnaður samningsaðila vegna verkefnisins, vinnu stjórnar, verkefnisstjóra og aðkeyptri vinnu sem tengist verkefinu sem og allur kostnaður við öflun nauðsynlegra gagna og upplýsinga ásamt kostnaði við fjölfoldun og dreifingu gagna.

Kostnaði skal skipt á milli samningsaðila á grundvelli íbúatölu m.v 1.desember hvert ár.

Hver samningsaðili ber kostnað af starfi sinna fulltrúa í stjórn og verkefnahópum SORPA bs mun annast fjáreiður og bókhald vegna verkefnisins gegn 5 % umsýsluhóknun og innheimta hlutdeild annarra samningsaðila á 6 mánaða fresti.

Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóma eintökum, eitt fyrir hvern samningsaðila og kemur í stað samkomulags aðila frá 28.feb.2008.


5. Gildistími og endurskoðun.

Samningur þessi er ótímabundinn. Óski einhver samningsaðila uppsagnar eða endurskoðunar samnings þessa skal það tilkynnt samnigsaðilum með þriggja mánaða fyrirvara.

Samningurinn er undirritaður af framkvæmdastjórum samningsaðila með fyrirvara um samþykki stjórna þeirra.

Reykjavík 15. maí 2009

f.h. SORPU bs



Björn H. Halldórsson

f.h. Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf




Guðjón Guðmundsson

f.h Soprstöðvar Suðurlands bs



Guðmundur T. Ólafsson

f.h. Sorpurðunar Vesturlands hf.



Hrefna Jónsdóttir